

**Ed.**

**160. Frumvarp til laga**

[133. mál]

um breyting á lögum nr. 97 28. desember 1971 um vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

2. og 3. mgr. 1. gr. laganna verði svohljóðandi:

Leyfisbréf er veitir heimild til framleiðslu gjaldskyldrar vöru samkvæmt lögum þessum skal koma í stað iðnaðarleyfis samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978. Leyfisbréf skal gilda í 5 ár talið frá útgáfudegi þess.

Fyrir útgáfu leyfisbréfs skal greiða í ríkissjóð sérstakt leyfisgjald svo og fyrir endurnýjun þess. Leyfisgjald skal ákveðið samkvæmt 20. gr. laga nr. 79/1975 um aukatekjur ríkissjóðs með áorðnum breytingum.

## 2. gr.

### 2. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til rikissjóðs sem hér segir:

Tollskrár- númer	Vörutegund	Gjald- eining	Vörugjald í kr.
<b>17.04</b>	<b>Sykurvörur sem kakaó er ekki í:</b>		
01	— Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur .....	1 kg	45,60
03	— Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a. ....	1 kg	45,60
04	— Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað .....	1 kg	45,60
05	— Karamellur .....	1 kg	45,60
06	— Vörur úr gúmmí arabikum .....	1 kg	45,60
09	— Aðrar .....	1 kg	45,60
<b>18.06</b>	<b>Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:</b>		
úr 04	— Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri, í smásöluumbúðum 100 g og stærri .....	1 kg	20,80
úr 04	— Annað .....	1 kg	45,60
05	— Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt .....	1 kg	45,60
06	— Fyllt súkkulaði, súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt .....	1 kg	45,60
úr 09	— Súkkulaðiis og ís húðaður með súkkulaði .....		0,00
úr 09	— Annars .....	1 kg	45,60
<b>22.01</b>	<b>Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:</b>		
01	— Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru .....	1 l	17,00
<b>22.02</b>	<b>Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetis-safi er telst til nr. 20.07:</b>		
01	— Gosdrykkir .....	1 l	16,00
09	— Annað .....	1 l	16,00
<b>22.03</b>	<b>Öl gert úr malti:</b>		
01	— Maltöl og annað yfirgerjað öl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhóli miðað við rúmmál .....	1 l	14,00
09	— Annað .....	1 l	17,00

## 3. gr.

### 2. málsliður 5. gr. laganna verði svohljóðandi:

Að þessu og öðru leyti skulu ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum gilda eftir því sem við á um vörugjald af innfluttum vörum.

## 4. gr.

### 1. mgr. 6. gr. laganna verði svohljóðandi:

Heimilt skal að endurgreiða vörugjald af gjaldskyldum vörum sem settar hafa verið í tollvörugæmslu, fluttar hafa verið til útlanda til sölu þar eða endursendar, enda hafi verið gætt ákvæða laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settum samkvæmt þeim.

5. gr.

11.—13. gr. laganna falli brott. Jafnframt verði 14. og 15. grein laganna 11. og 12. gr. þeirra.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða falli brott

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 118 28. desember 1976 og lög nr. 83 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 97 28. desember 1971 og gefa þau út svo breytt.

#### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með samþykkt laga nr. 97/1971 um vörugjald var mörkuð sú stefna að Styrktarsjóður fatlaðra, sbr. lög nr. 25/1962, og Styrktarsjóður vangefinna, sbr. lög nr. 78/1966, skyldu halda tekjum sínum óskertum um nánar tiltekinn tíma. Samkvæmt lögum þessum var ráð fyrir því gert að Styrktarsjóður fatlaðra héldi tekjum sínum óskertum til aprílloka 1972 og skyldu þær vera 4 kr. af hverju kílógrammi innlendra framleiðslu nánar tilgreindra vara. Frá þeim tíma skyldi hins vegar horfið frá skipan þessari og fjárþörfum sjóðsins síðan mætt með fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni og þá tekið sérstakt tillit til þeirra framkvæmda sem ákvarðanir yrðu teknar um í framtíðinni. Í samræmi við ákvörðun þessa var sérstök fjárveiting til sjóðsins tekin upp í fjárlög, í fyrsta sinn árið 1972 og á hverju ári síðan.

Að því er varðar Styrktarsjóð vangefinna var hins vegar upphaflega gert ráð fyrir samkvæmt vörugjaldslögum að rikissjóður greiddi framlag til sjóðsins til júniloka 1976. Skyldi það nema 1,95 kr. af hverjum lítra af innlendra framleiðslu á öli og gosdrykkjum. Frá sama tíma var fyrirhugað að fjárþörfum sjóðsins yrði mætt með fjárframlögum úr rikissjóði á fjárlögum hverju sinni á sama hátt og gildi um Styrktarsjóð fatlaðra. Með lögum nr. 118/1976 var framlagið hins vegar hækkað um 7 kr. af hverjum lítra og skyldi það haldast til ársloka 1977. Með lögum nr. 83/1977 var framlagið síðan enn á ný framlengt til ársloka 1978 jafnframt því sem það var hækkað í 10 kr.

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að vörugjald verði á lagt á árinu 1979 samkvæmt óbreyttri gjaldskrá en ákvæði um framlag til Styrktarsjóðs vangefinna verði fellt niður. Eftirleiðis er hins vegar gert ráð fyrir að framlagið verði ákveðið með fjárveitingu á sama hátt og gildir um flest önnur framlög til félags- og líknarmála. Í samræmi við stefnumörkun þessa hefur því í nefndu fjárlagafrumvarpi verið lagt til að fjárveiting til þessa sjóðs verði 150 milljónir kr. fyrir árið 1979.

Í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1979 er með frumvarpi þessu því lagt til að gjaldskrá vörugjaldslaga haldist óbreytt frá því sem nú er auk þess sem gildistími hennar verði ótímabundinn og ákvæði um ráðstöfun tekna samkvæmt vörugjaldslögum verði felld niður. Þá er lagt til samkvæmt 1. gr. frumvarpsins að leyfisgjald vegna tollvörugerðar verði ákveðið af ráðherra samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1975 um aukatekjur rikissjóðs.

Vegna breytinga sem gerðar hafa verið á stofnlögum nr. 97/1971 um vörugjald svo og breytinga þeirra sem leiða munu af frumvarpi þessu, verði það að lögum, þykir rétt að lög in verði gefin út að nýju í heild með áorðnum breytingum og réttum lagatiltökum.